

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F151/2024

Reykjavík, 29. apríl 2024

Sorpa bs.  
Köllunarklettsvegi 1  
104 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýlega nafngreindur maður með kvörtun þar sem kom fram að gjaldskrá Sorpu bs. fyrir meðhöndlun úrgangs hefði ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig kom þar fram það sjónarmið að ákvæði hennar viðvíkjandi raf- og rafeindatækjaúrgangi samrýmdist ekki fyrirmælum 1. mgr. 44. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem segir að söfnunarstöðvum beri að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst. Umboðsmaður lauk athugun sinni á málinu með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þar sem skilyrði fyrir meðferð kvörtunarinnar voru ekki uppfyllt. Þau álitafæni sem kvörtunin laut að hafa þó orðið umboðsmanni tilefni til frekari athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997.

Í 23. gr. laga nr. 55/2003 er fjallað um gjalddöku fyrir meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt 1. mgr. skal rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Í 4. mgr. segir m.a. að sveitarfélögum sé heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða gjaldið. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skuli láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá Sorpu bs. er birt á vefsíðu byggðasamlagsins, <https://www.sorpa.is/um-sorpu/verdiskra-sorpu/>. Þar er m.a. kveðið á um gjalddöku fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er umfram tvo rúmmetra. Hins vegar verður ekki séð að gjaldskráin hafi verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Með vísan til alls framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að byggðasamlagið Sorpa upplýsi umboðsmann um hvort sú gjaldskrá sem samlagið starfar eftir og vísað er til hér að framan hafi verið birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Ef svo er ekki, er óskað nánari skýringa á því. Þá er óskað nánari upplýsinga um innheimtu Sorpu bs. á gjaldi fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs og skýringa á því hvernig hún samrýmist VII. kafla laga nr. 55/2003, einkum 1. mgr. 44. gr. þeirra.

Þess er óskað að svör Sorpu bs. berist umboðsmanni eigi síðar en 15. maí nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT